

Dags eftirlits	22.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Holtasmára 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Valdimar Olsen	ÍSAT nr.	72190
Fulltrúi fyrirtækis	Daniel Fjeldsted	Staðsetning	329903,036 383317,415

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma en engin ábending var sett fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða metanólverksmiðju CRI hf., Grindavíkurbæ. Verksmiðjan er með heimild til framleiðslu á allt að 12 tonnum af metanól á dag, úr allt að 16,5 tonnum af koldíoxíði á dag.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfesting á að starfsemi liggja niðri
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 21. mars 2019. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Engin frávik voru skráð í síðasta eftirliti þann 30. desember 2019 en ein ábending var sett fram um tilkynningar vegna gangsetningu stöðvarinnar eftir framleiðslustopp.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það út fyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti en starfsemin hefur legið niðri síðan 12. apríl 2019. Engin tímasetning er komin á gangsetningu verksmiðjunnar en rekstraraðili vinnur að öðrum tengdum verkefnum erlendis.

Lóð verksmiðjunnar er vel afgirt og hið hennar læst. Myndavélakerfi er í stöðinni. Reglulega er fylgst með verksmiðjunni og farið yfir hana að lágmarki einu sinni í viku. Skráningar eru góðar í rekstrarhandbók. Áætlanir hafa verið endurskoðaðar m.t.t. skjálftavirkni sem verið hefur á svæðinu en ekki er talin hætta á skemmdum af þeirra völdum.

Um 13.000L af lút eru í kerfinu, því til varnar og nokkrir bambar af lút eru aukalega inni á geymslusvæði sem tengt er við skilju sem tekur allt að 20.000L. Rekstraraðila er bent á að yfirfara allar skiljur og lagnir vandlega áður en verksmiðjan verður keyrð aftur, ef röskun hafi orðið á þeim eftir mikla skjálftavirkni á svæðinu. Ekkert hefur þó komið fram um að neinar skemmdir séu né reiknað með að af þeim hafi orðið. Einnig er rekstraraðila bent á að þrýstiprófa þær lagnir sem við á, áður en framleiðsla hefst í stöðinni.

Mæling var gerð á TOC í maí 2021 og var gildi þess 76 mg/l og er það innan marka starfsleyfis sem eru 100 mg/l. Mæling hefur ekki verið gerð á styrk rokgjarnra lífrænna efnasambanda enda hefur verksmiðjan ekki verið í rekstri frá síðasta eftirliti.

Skýrslum skv. gr 4.8 í starfsleyfi var skilað til Umhverfisstofnunar þann 6. maí sl. en skiladagur þeirra er 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Hér er því um frávik að ræða en telst því lokið þar sem skilin hafa farið

fram.

Gengið var um lóð verksmiðjunnar, girðingar skoðaðar sem og frágangur lóðar. Engar ábendingar eru gerðar þar um. Umhverfið var snyrtilegt á að líta.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.8 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi um rekstur sinn fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skilaði skýrslunum þann 6. maí sl. og telst því um frávik að ræða. Frávikinu er lokið.



## ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2022

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

